



# LITLI SÁMUR

FRÉTTABRÉF HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS  
3.tbl – September 2015

**Skráningu á Alþjóðlega september sýningu félagsins** lauk 21. ágúst. Rúmlega 650 hundar eru skráðir til leiks og er undirbúningur kominn á fullt.



**Ungmennadeild HRFÍ** hélt daginn hátíðlegan sunnudaginn 23. ágúst í verslun Gæludýr.is á Korputorgi. Þar var haldin sýning ungra sýnenda í tveimur aldursflokkum 3-5 ára og 6-10 ára. Allir þátttakendur, börn og hundar, fengu verðlaun. Þá var keppt í fjórum eldri flokkum. Í yngri flokki ungra sýnenda 10-12 ára bar Elena Mist Theodórsdóttir með silky terrier sigur úr þítum. Í eldri flokki ungra sýnenda, þar sem krakkar 13-17 ára tóku þátt, var sigurvegari Vaka Víðisdóttir með lhasa apso. Þá var sú skemmtilega frumraun að mögulegt var að skrá í tvo fullorðinsflokkum, 18-35 ára og flokk 35 ára og eldri. Í yngri fullorðinsflokki sigraði Jóhanna Líf Halldórsdóttir með dvergschnauzer og í flokki 35 ára og eldri stóð Sigurgeir Þráinn Jónsson uppi sem sigurvegari með tíbet spaniel. Þetta var góður dagur þar sem ungir og gamlir gerðu sér glaðan dag saman. Skráning fór fram úr björtustu vonum en yfir 70 skráningar bárust frá þátttakendum á öllum aldri!

Dómarar voru Theodóra Róbertsdóttir (barnaflokkar), Rannveig Gauja Guðbjartsdóttir (ungir sýndur) og Guðrún Dögg Sveinbjörnsdóttir (fullorðinsflokkar).



**Sporapróf Vinnuhundadeildar HRFÍ** var haldið í Heiðmörk 25. ágúst síðastliðinn. 2 hundar luku spor 1 með 1. Einkunn eða 90 stig. Það voru snögghærði schaferhundurinn Juwika Fitness undir handleiðslu Örnú Rúnarsdóttur og Risa Schnauzer tíkin Mir-Jan's Campari ásamt eiganda sínum Ragnhildi Gísladóttur. Prófstjóri var Kristjana Bergsteinsdóttir og dómari Þórhildur Bjartmarz.



Fulltrúar félagsins fóru á **fund** Sigurðar Inga **landbúnaðarráðherra** 27. ágúst til að ræða lengd **einangrunarvistar** hunda. Það var Herdís Hallmarsdóttir formaður sem hafði óskað eftir fundinum en með henni fór Jónas Fr. Jónsson formaður laganefndar félagsins. Aðdragandinn voru bréfaskipti félagsins við ráðherra og Matvælastofnun en félagið hafði óskað eftir endurskoðun á tímalengd

einangrunarvistar hunda. Félagið hafði komið á framfæri þeirri skoðun að einangrun hamlaði ræktunarstarf og möguleika á árangri í ræktun, hún væri þess utan kostnaðarsöm og síðast en alls ekki síst hefði hún í för með sér álag á hundana. Í framhaldi beiðni HRFÍ óskaði ráðherra eftir því við Matvælastofnun að stofnunin skoðaði möguleika á því að stytta þann tíma sem gæludýr væru í einangrun við komuna til landsins. Félagið var ánægt með þetta frumkvæði ráðherra og ekki síst þar sem Matvælastofnun var gert að rökstyðja sjónarmið sín og senda þau gögn sem hún byggði ákvörðunina á. Markmið fundarins var að tryggja að félagið yrði haft með í ráðum þegar ákvörðun yrði tekin og að öll gögn yrðu afhent. Vel var tekið í þá ósk HRFÍ enda í samræmi við góða stjórnsluhætti. Þá gafst gott tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum og þeim aðfinnslum sem HRFÍ gerir bæði við tímann og framkvæmdina og ræða hvernig þróunin hefur verið í öðrum löndum sem Ísland hefur fram til þessa borið sig saman við eins og Bretland, Færeyjar, Ástralía og Nýja-Sjáland.

**Hlýðniþróf** var haldið á vegum **Vinnuhundadeildar HRFÍ** 27. ágúst á Krókhálsi. 4 hundar tóku þátt í Hlýðni brons sem er nokkurskonar grunnur í hlýðni. Þar náði einn hundur bronsmerki og var það Dvergschnauzer hundurinn Icenice Muggur ásamt eiganda sínum Báru Dís Benediktsdóttur. 1 hundur tók þátt í hlýðni 1 og svo var haldið í fyrsta skipti í um 10 ár þróf í hlýðni 2. Þrófið er einstaklega krefjandi og var það snögghærða schaffer tíkin Vonziu's Asynja og eigandi hennar Hildur Pálsdóttir sem reyndu við það. Náði hún frábærri einkun en þar sem að hún fékk ekki fullnægandi einkun fyrir allar æfingarnar hlaut hún ekki gullmerkið. Dómari var Björn Ólafsson, prófstjóri Erla H. Benediktsdóttir og ritari Guðbjörg Guðmundsdóttir.



**Stjórn HRFÍ** ákvað að virkum ræktendum félagsins stæði nú til boða að **auglýsa frítt inná hvolpasíðu** félagsins [www.voff.is](http://www.voff.is). Var ákveðið að virkir ræktendur teldust í þessu sambandi þeir sem hafa verið með got síðastliðin 2 ár. Á síðunni er hellings fróðleikur bæði um tegundir og félagið okkar. Félagið hvetur alla ræktendur að skrá sig á síðuna, en þeir sem ekki fullnægja skilyrði um að hafa verið með got síðustu 2 ár stendur að sjálfsögðu einnig til boða að auglýsa sína ræktun gegn hóflegu gjaldi.



**Stjórn HRFÍ** hefur staðfest dómara réttindi Þórdísar Bjargar Björvinsdóttir. Þórdís hefur réttindi til að dæma **Bichon Frise, Cavalier King Charles Spaniel, Poodle Toy, Poodle Miniature, Poodle Medium, Poodle Standard, Shih Tzu og Tibetan Spaniel**. Þórdís er áttundi dómari sem útskrifast úr námi sem félagið hefur staðið fyrir undir handleiðslu Danska kennelklúbbsins og er það mikill fengur fyrir félagið að eignast íslenska dómara.



## Framundan í september hjá HRFÍ:

**Retrieverdeild HRFÍ** verður með veiðipróf laugardaginn 5. september við Villingavatn, þar er mjög áhorfendavænt svæði og eru allir velkomir. Mikill fjöldi hunda eru skráðir til leiks. Dómarar verða Kjartan Lorange og einnig verður Sigurmon Hreinsson fulltrúi HRFÍ og mun dæma byrjendaflokk.

**Fuglahundadeild HRFÍ** mun standa fyrir 3. daga veiðiprófi dagana **12-14. september**. Prófið verður haldið við Áfangafellsskálann við Blöndulón. Prófað verður í öllum flokkum, unghundaflokki, opnum flokki og keppnisflokki. Dómarar verða Björn Solheim og Rolf Hamstad frá Noregi og Guðjón Arinbjörnsson.

**HRFÍ** mun að nýju bjóða uppá sérstaka **Hvolpasýningu** föstudagskvöld fyrir september sýningu félagsins. Hvolpasýningin fer fram föstudagskvöldið **18. september í reiðhöllinni í Víðidal**. Þar munu tveir Íslenskir dómarar dæma um 50 hvolpa hver og verða svo valdir fjórir hundar í hvorum aldursflokki sem skipta með sér Besta hvolp sýningar 1-4.

**Keppni ungra sýnenda** fer einnig fram föstudagskvöldið **18. september**. Keppt verður í yngri og eldri flokki og eru þetta krakkar á aldrinum 10-17 ára. Ungmennadeild HRFÍ sér um sýningarþjálfanir fyrir ungu sýnendurna og er þetta frábær leið fyrir krakka með áhuga til þess að kynnast öðrum með sömu áhugamál.

**Alþjóðleg septembersýning HRFÍ** verður haldin helgina **19. og 20. september**. 5 dómarar frá 5 löndum munu dæma um 550 hunda og velja þá sem þeim þykja standa uppúr. Sýningin verður eins og svo oft áður í **reiðhöllinni í Víðidal** á félagssvæði hestamannafélagsins Fáks í Reykjavík.

**Augnskoðun** á vegum **HRFÍ** verður haldin í samfloti við alþjóðlegu sýningu félagsins **19. og 20. september**. Fenginn hefur verið frá Dannmörku Jens Knudsen dýralæknir, sérhæfður í augnlækningum dýra. Skoðunin mun einnig fara fram í **reiðhöll Fáks í Víðidal**.

**Schaferdeild HRFÍ** heldur deildarsýningu 3. október næstkomandi þar sem að sérhæfður dómari frá Ástralíu mætir til að dæma tegundina. Síðasti skráningardagur á þennan viðburð er á gjaldskrá 1. föstudagurinn 4. september og á gjaldskrá 2. er síðasti skráningardagur 17. september.